



Öryggisþjálfun 13-19 ára ungmenna í vinnu

Margrét Einarsdóttir, nýdoktor í félagsfræði, HÍ
Ásta Snorradóttir, lektor, félagsráðgjafardeild, HÍ

Markmið

- ✓ Flest íslensk ungmenni vinna launaða vinnu.
- ✓ Lög kveða á um að allir starfsmenn skuli fá viðeigandi öryggisþjálfun.
- ✓ Öryggisþjálfun sérlega mikilvæg þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.
- ✓ Hvert er umfang og gæði öryggisþjálfunar íslenskra ungmenna?

Aðferðir

- ✓ Blandaðar rannsóknaraðferðir.
- ✓ Spurningakönnun var lögð fyrir 2800 13-19 ára ungmenni, slembivalin úr Þjóðskrá. Svarhlutfall var 48,6%.
- ✓ Tólf hópviðtöl og sjö einstaklingsviðtöl voru tekin við samtals 45 ungmenni.

Niðurstöður

- ✓ Aðeins lítil hluti ungmenna fær einhverja öryggisþjálfun í vinnu.
- ✓ Verslunarstörf og störf í vinnuskóla eru algengustu störf aldurshópsins en ungmenni í þeim störfum eru ólíklegust til að fá öryggisþjálfun.
- ✓ Sú öryggisþjálfun sem í boði er einkennist frekar af óvirkri kennslu en gagnvirku námi auk þess að vera almennt óskipulögð og ómarkviss.

Tafla I. Hlutfall (%) sem fékk öryggisþjálfun, eftir starfi

Starf	Sumarvinna**	Vinna með sk
Vinnuskóli	7,3%	-
Barnapössun/umönnun	25,0%	24,1%
Verslunarstörf	7,0%	8,9%
Veitingastörf	18,1%	16,8%
Verkamannastörf	26,2%	30,4%
Íþróttþjálfun	15,0%	20,0%
Annað	14,9%	6,8%
Samtals (n)	14,0% (127)	14,4% (86)

**p ≤ 0,00.

Tafla II. Tegund öryggisþjálfunar, hlutfall (%)*

Virk þjálfun	
Öryggisnámskeið/fjölþætt þjálfun	26,0%
Verkleg kennsla/sýnikennsla	6,5%
Óvirk þjálfun	
Munleg leiðsögn	9,1%
Fyrirlestur/glærुकynning	7,8%
Fundur	1,3%
Skyndihjálp	18,2%
Myndband/upplýsingar á netinu	0,6%
Hluti af starfsþjálfun	9,1%
Annað/óljóst	19,5%
Samtals (N)	100% (77)

*Niðurstöður byggja á opinni spurningu.

Rannsakandi: Í hverju fólst þjálfunin?

Ungur starfsmaður í stórmarkaði: Það var bara haldinn svona fundur, stafrmannafundur, og sýnt okkur vídeó af einhverju fólki sem var að stela, að setja eitthvað inn á sig, og þú veist, það gerist ekkert mikið af vopnuðum ránum á Íslandi sko.

Ályktanir

- ✓ Öryggisþjálfun íslenskra ungmenna í vinnu er í skötulíki. Yfirvöld þurfa að upplýsa atvinnurekendur um skyldur þeirra gagnvart ungum starfsmönnum. Atvinnurekendur þurfa að bæta öryggisþjálfun ungra starfsmanna sinna bæði hvað varðar magn og gæði.

Byggt á: Margrét Einarsdóttir & Ásta Snorradóttir (2020). OHS education and safety training of teenage workers in Iceland. *American Journal of Industrial Medicine*, 63, 188-198.

Rannsakandi: En fékkstu einhverja sérstaka öryggisþjálfun?

Ungur starfsmaður á bensinstöð: Uhu, neei.

